

- 106** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hannesar Jónssonar frá Stóra-Ási“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 31. okt. 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hannesar Jónssonar frá Stóra Ási.

Samkvæmt ráðstöfun Hannesar Jónssonar frá Stóra Ási, er dó i Reykjavík 16. maí 1932, og með samþykki undirritaðra erfingja hans er hér með sett eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Af eftirlátnum eignum Hannesar Jónssonar skal greiða 4000 krónur, er skiptist í tvo fjórðunga og einn helming. Þá er greiddur hefir verið erfðafjárskattur af hlutum þessum, skal greiða annan fjórðunginn inn í Minningarsjóð Jóns Magnússonar og Þorgerðar Hannesdóttur, Stóra Áss-hjóna, í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, nr. 542, og hinn fjórðunginn í sama minningarsjóð í Útborgunardeild Söfnunarsjóðsins, nr. 242, og skal þar síðan með þetta fé fara (báða fjórðungana) eins og í skipulagsskrá þess sjóðs er ákveðið.

2. gr.

Með helmingi dánargjafarinnar skal mynda sjóð, er heitir Minningarsjóður Hannesar Jónssonar frá Stóra Ási. Hann skal ávaxta í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skal árlega leggja þar við helming vaxta, þar til höfuðstóll er orðinn 5000 krónur, en þaðan af skal leggja við einn þriðja vaxta árlega.

3. gr.

Útborgunarhluta vaxta skal árlega verja til styrktar karli eða konu, sveitföstum í Hálsahreppi, er erfitt eiga aðstöðu í lífinu um afkomu sökum líkamlegrar fötlunar eða mikils líkamlegs vanþroska, samfara þröngum fjárhag, en þiggi þó ekki af sveit.

4. gr.

Þegar svo stendur á að útborgunarhluta vaxta þarf eigi, að dómi stjórnarnefndar, að nota allan til þess, er ætíð skal vera aðalhlutverk sjóðsins samkv. 3. lið, skal heimilt að styrkja fátækan karl eða konu, sem erfitt á afkomu sökum slysa eða sjúkdóma, en njóti þó ekki styrks af hreppfé.

5. gr.

Vaxi sjóðurinn enn svo að hið handbæra fé þurfi ekki allt, að dómi stjórnarsjóðsins, til þess, sem fram er tekið í 3. og 4. lið hér að framan, má, ef sveitungum kemur saman um það á almennum sveitarfundi, auka starfsvið sjóðsins til gagnlegrar starfsemi fyrir meðlimi sveitarfélagsins, t. d. til að styrkja ungan mann eða stúlku í hreppum til einhvers þess, er horfa þykir honum eða henni til menningar eða frama á sveitamannavísu, einkum verklega.

6. gr.

Fari svo að fé það, sem árlega verður handbært, þurfi ekki að nota allt til þess, sem áður er tekið fram, á því ári, skal leggja það sem afgangs verður í sparisjóð í Landsbankanum, og má þá nota það næsta ár. Þó skal aldrei geyma á þennan hátt stærri fjárhæð en sem svarar eins árs útborgunarhluta vaxta, heldur leggja það sem fram yfir er þegar við höfuðstólinn.

106

31. okt.

7. gr.

Sjóðnum stjórnar 3 manna nefnd, og eru í hana sjálfkjörnir hreppstjóri Hálsahrepps og sóknarpresturinn fyrir Stóra Ássókn, en hinn þriðja, karl eða konu, skal kjósa á vorhreppskilafundi Hálsahrepps til 5 ára í senn, þegar ártal endar á 5 eða 0. Nefnd þessi kys sér formann úr sinum hópi, og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Hún skal bóka gerðir sínar jafnóðum og árlegan reikning sjóðsins í gerðabók, er kaupa skal fyrir fé hans. Endurskoðandi hreppsreiknings skal endurskoða reikning sjóðsins, og liggi hann síðan frammi með hreppsreikningi almenningi í hreppnum til athugunar.

Stóra Ási, 6. júní 1933.

Sigríður S. Þorsteinsdóttir. Helga Jónsdóttir. Guðrún Jónsdóttir.
Ástriður Jónsdóttir. Helga Sigurðardóttir. Jón Sigurðsson. Sigurður Bjarnason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Auðar Vésteinsdóttur frá Haukadal í Dýrafirði“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 31. október 1933. Skipulagsskráin er þannig:

107

31. okt.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Auðar Vésteinsdóttur frá Haukadal

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Auðar Vésteinsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1930 af Kvenfélaginu „Von“ á Þingeyri sem 1000 ára minning Auðar Vésteinsdóttur konu Gísla Súrssonar með 300 kr. gjöf og 300 kr. gjöf frá Kvenfélaginu „Hugrún“ í Haukadal.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru framanskráðar 600 kr., sem leggja skal í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og ávaxtast þar til hann er orðinn 100.000 krónur. Þá má verja í því augnamiði sem getur í 4. gr. $\frac{3}{4}$ vaxta, en $\frac{1}{4}$ ávallt leggjast við höfuðstól, sem aldrei má skerða. Annað fé sem sjóðnum áskotnast með áheimum, gjöfum, dánarminningum eða á annan hátt, skal leggja í útborgunardeild Söfnunar-